

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Sementsreitir – reitir A og B.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 26. maí 2026 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, reita A og B, sem felst í að heimilt verður að hækka mæni húsa á skipulagsreitum A og B og auka þar með sveigjanleika í hönnun. Samanlögð hæð þakhæðar og aðalhæðar var 7,1 m en verður 8,0 m. Annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 27. maí 2026.

F.h. Akraneskaupstaðar,
Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2026